


Vilhjálmur og Ellý Vilhjálms





Vilhjálmur og Ellý fæddust í Höfnum á Suðurnesjum.

Það voru samtals fimm systkini. Vilhjálmur var yngstur og Ellý var næst elst.

Vilhjálmur hét fullu nafni Vilhjálmur Hólmar og var sem barn alltaf kallaður Hólmar.

Ellý hét Henný Eldey (eftir eyjunni Eldey sem sést frá Höfnum). Hún varð ekki kölluð Ellý fyrr en á unglingsárum.




Ellý flutti ung til Reykjavíkur og varð söngkona með Hljómsveit Bjarna Böðvarssonar.

Bjarni Böðvarsson var pabbi Ragga Bjarna og var þekktur tónlistarmaður og útvarpsmaður á þeim tíma.







Fyrsta platan sem Ellý söng inná var gefin út árið 1960. Annað af tveimur lögum plötunnar varð mjög vinsælt og er enn. Það heitir “Ég vil fara upp í sveit”.





Ellý söng fyrsta íslenska kvikmyndalagið inn á plötu árið 1963.

Það heitir “Vegir liggja til allra átta” og er úr kvikmyndinni “79 af stöðinni”. Sigfús Halldórsson samdi lagið.





Lagið “Sveitin milli sanda” hefur einnig orðið vinsælt lag með Ellýju. Í laginu er enginn texti og það er erfitt að syngja en sýnir hvað Ellý var flott söngkona.

Lagið var samið fyrir heimildamynd um Örfæfasveit á Suðurlandi.





Vilhjálmur flutti norður og hóf nám í Menntaskólanum á Akureyri. Þar varð hann söngvari í Hljómsveit Ingimars Eydal sem var mjög fræg hljómsveit á þeim tíma.





Vilhjálmur söng meðal annars lagið
“Litla sæta ljúfan góða” með
Hljómsveit Ingimars Eydal. Það var
tekið upp í Reykjavík og var það í
fyrsta skipti sem hljómsveitin spilaði
í Reykjavík.






Vilhjálmur lærði lögfræði og
læknisfræði en kláraði hvorugt
námið.

Hann kláraði hins vegar flugnám og
vann sem flugmaður í Lúxemborg.



Ellý og Vilhjálmur sungu saman inn á nokkrar plötur. Sú fyrsta var gefin út árið 1969.


Þau gerðu plötu með lögum eftir Sigfús Halldórsson. Þar má meðal annars heyra lagið “Lítill fugl”.





Ellý hætti að syngja á tónleikum árið 1964 en hélt áfram að syngja inn á plötur.

Vilhjálmur dó í umferðarslysi í Lúxemborg aðeins 32 ára gamall. Áður en hann dó gaf hann út plötuna “Hana nú” þar sem hann samdi sjálfur alla textana. Á þeirri plötu er lagið “Söknuður” sem oft er spilað í jarðarförum.



Hér er hægt að hlusta á fleiri lög með Ellýju og Vilhjálmi:



“Heyr mína bæn” - Ellý



“Ég veit þú kemur” - Ellý



“Bíddu pabbi” - Vilhjálmur



“Ég labbaði í bæinn” - Vilhjálmur



“Dagný” - Ellý og Vilhjálmur